

Umsókn um nýjan héraðsveg - Kjós 04-06-15

Umsækjandi

Sumarhúsaafélagið Norðurnes, Kjós

<http://nordurnes.is>

kt: 460678-0729

Formaður

Jón Bjarni Bjarnason

kt: 270875-5649 heimili: Mosabarð 16, 220 Hafnarfirði

snr: 821-2558 email: stjorn@nordurnes.is

Umsókn

Sumarhúsaafélagið Norðurnes sækir hér með um að vegur sem liggur meðfram svæðinu í Norðurnesi, Kjós verði gerður að héraðsvegi samkvæmt [reglugerð um héraðsvegi nr. 774/2010](#).

Við ræddum við Jóhann Skúlason hjá vegagerðinni og útskýrðum málið. Hann lagði til að við sendum inn umsókn.

Afstaða

Vegurinn sem um ræðir byrjar við Meðalfellsveg (461) nálægt Hrosshóli og liggur í suður u.þ.b. 1km inn Svínadal þar sem hann breytist í vegaslóða sem liggur alla leið inn dalinn (sem er ekki hluti af þessari umsókn)

Hérna er kort sem sýnir veginn sem um ræðir (suður er til vinstri)



(<http://ja.is/kort/?type=aerial&x=380912&y=422825&z=9>)

Hérna er mynd af veginum eins og hann liggur í átt að Skálafelli



[Hérna er svo myndskleið sem sýnir hluta af veginum](#)

Rök fyrir umsókn

Forsendur fyrir þessari umsókn eru tvær.

1. Það eru alls 45 bústaðir í félaginu í Norðurnesi og fleiri eru að bætast við, auk þeirra sem eru utan félags. Vegurinn er eina tenging svæðisins við Þjóðveg. Þetta fullnægir eftirfarandi skilyrði 3gr laganna hér að undan:
“Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega, vegi að sumarbústaðahverfum, sem tengja a.m.k. 30 bústaði við Þjóðveg.”
2. Þessi vegur mikilvægur fyrir tengingu inn eftir Svínadal en þar liggur slóði sem er mikið farinn af göngufólki, fjórhjólum og stærri bílum. Þeir sem fara þessa leið notfæra sér veginn í Norðurnesi. Göngufólk til að mynda leggur bílum sínum mjög oft þar sem norðurnesvegurinn endar og slóðinn byrjar (brotalína syðst á korti).

Sumarhúsafélagið hefur því miður ekki tök á því að viðhalda þessum vegi fyrir félagsmenn annars vegar og svo líka alla þessa umferð sem er okkur óviðkomandi og hefur aukist verulega undanfarin ár.

Við höfum gert við veginn á hverju sumri eftir því sem við höfum efni á en það er ekki nóg. Það þarf að endurbæta hann á ýmsan hátt, eins og að bæta við ræsum, setja upp vegrið og stikur. Auk þess þarf að hækka hann þónokkuð.

Sumarhúsafélagið er reiðubúið að taka þátt í framkvæmd við að koma veginum í samt lag til þess að Vegagerðin geti svo tekið hann að sér.

Rætt hefur verið við hreppsnefnd og landeiganda í nágrenninu um þessa umsókn og það ríkir mikil almenn sátt um að vegurinn sé settur í umsóknarferli.

Takk fyrir að taka þessa umsókn til athugunar.

fh Norðurness,
Jón Bjarnason
4. jún 2015